



Leiðbeiningar

Innflutningur á sýnishornum af sjávarafurðum sem ætlaðar eru til sýningar, ákveðinna rannsókna eða efnagreininga

Innflutningur á sýnishornum af sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins fellur undir ákvæði 5. og 6. tl. 27. gr. rgl. 849/1999. Þessar vörur eru **tilkynningarskildar a.m.k. 24 klst. áður en varan kemur til landsins**. Matvælastofnun þarf að ganga úr skugga um að vörusending flokkist undir sýnishorn eða sé ætluð til sýningar, rannsókna eða efnagreininga og sé ekki ætluð til manneldis eða sölu.

Fylla þarf út eyðublað: [Leyfi vegna innflutnings á sýnishornum af sjávarafurðum frá ríkjum utan EES](#) og senda ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum til Matvælastofnunar.

Fylgiskjöl: Farmbréf flutningafyrirtækja og vörureikningur.

Matvælastofnun afgreiðir síðan leyfið og sendir innflytjanda staðfest afrit með skráningarnúmeri sendingar á myndsendi. Skráningarnúmer skráist síðan í reit 14 á aðflutningskýrslu vegna tollafgreiðslu vörunnar.

Lög og reglugerðir sem gilda um innflutning sjávarafurða

Lög nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða

Reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða